

Samningur
Milli P/f Samskip
Og Sjómannafélags Íslands vegna háseta og bátsmanna
Sem starfa á skipum p/f Samskipa.

Samkomulag þetta byggir á síðasta gildandi samkomulagi Sjómannafélags Íslands og p/f Samskipa með eftirfarandi breytingum :

LAUNABREYTINGAR

Kauptaxtar hækka og verða sem hér segir:

Tafla A: Gildir frá 1.janúar 2023

Háseti/þerna	Grunnlaun	Dagkaup 1/30	Frídagar 1,25	Yfirvinn	Stórhátíð yfirv.
Byrjunarlaun	417.961	13.932	24.109	4.341	5.747
Eftir 3.ár	441.247	14.708	25.453	4.582	6.067
Bátismaður	496.400	16.547	28.634	5.155	6.826
Dagmaður í vél					
Byrjunarlaun	429.119	14.304	24.753	4.456	5.900
Eftir 3.ár	448.324	14.944	25.861	4.656	6.164

Bónus 1.691
Stórhátíðar álag 6.678

Tafla B: Gildir frá 1.desember 2023

Háseti/þerna	Grunnlaun	Dagkaup 1/30	Frídagar 1,375	Yfirvinna	Stárhátíð yfirv.
Byrjunarlaun	388.079	12.936	17.909	4.030	5.336
Eftir 3.ár	413.770	13.792	19.094	4.297	5.689
Bátismaður	475.835	15.861	21.958	4.941	6.543
Dagmaður í vél					
Byrjunarlaun	398.439	13.281	18.387	4.138	5.478
Eftir 3.ár	416.271	13.876	19.210	4.323	5.724

Bónus 1.691
Stórhátíðar álag 6.678

Handwritten signature and initials

Greiddir verslunarfríðgar

Háseti / byrjunarlaun	25.078
Háseti /eftir 3. Ár	26.474
Bátsmaður	29.785

VEIKINDARÉTTUR

Skipverji sem verður óvinnufær af völdum sjúkdóms á rétt á launum svo lengi sem hann er óvinnufær skv. neðangreindumákvæðum. Neðangreindur réttur til fastra mánaðarlauna er heildarlaunaréttur sem komi í stað launaréttar skv. 36.gr.sjómannalaga nr. 35/1985 . Föst mánaðarlaun í þessu tilfelli reiknast sem meðaltal daglauna og meðaltal launa fyrir fasta yfirvinnu síðustu 90 daga frá því að tilkynning berst. Veikindi í frítíma teljast ekki til siglingartíma.

- Fyrsta árið, föst mánaðarlaun í 2 mánuði.
- Eftir 1 árs starf, föst mánaðarlaun í 3 mánuði.
- Eftir 3 ára starf, föst mánaðarlaun í 4 mánuði
- Eftir 5 ára starf, föst mánaðarlaun í 6 mánuði.
- Eftir 10 ára starf, föst mánaðarlaun í 10 mánuði.
- Eftir 15 ára starf, föst mánaðarlaun í 12 mánuði.

Starfsmanni ber að tilkynna um fjarvistirvegna veikinda skv. þeim reglum sem vinnuveitandi setur um fyrirkomulag tilkynningar .

Vinnuveitandi ákveður hvort læknisvottorðs sé krafist. Vinnuveitandi greiðir þau læknisvottorð sem hann óskar eftir , sé framangreindri tilkynningaskyldu fullnægt.

Þegar starfsmaður snýr aftur til vinnu eftir að hafa verið óvinnufær hefur vinnuveitandi rétt á að setja starfsmann tímabundið í næstu lausu stöðu.

Ef starfsmaður hefur verið óvinnufær samfelld í fjórar vikur ber honum að leggja fram læknisvottorð þar sem trúnaðarlæknir tekur afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing sé nauðsynleg til að ná eða flýta bata .



KJARALEIÐRÉTTINGAR

- a. Skiptikaup mun samanstanda af daglaunakaupi að viðbætti fastri yfirvinnu og greiðist á áhafnar meðlimi . Miðað er við siglda daga í hverri ferð.
- b. Færeyjartillegg verður 7.048 kr. frá 1. Júní 2023 fyrir hvern sigldan dag.
- c. Frídagaréttur breytist þannig að fyrir hvern innunninn frídag reiknast hann á eftirfarandi hátt ;
 - i. Frá 1. janúar 2023 reiknast hver innunninn frídagur sem 1,25 dagur
 - ii. Frá 1. desember 2023 reiknast hver innunnin frídagur sem 1,375 dagur.
 - iii. Frá 1.júní 2025 reiknast hver innunninn frídagur sem 1,5 dagur

GILDISTÍMI OG ALMENNAR HÆKKANIR


Samkomulag þetta gildir frá og með 1. Janúar 2023 til og með 31. desember 2025. Verði samið um frekari launahækkunir en hér er kveðið á um , á tímabilinu milli Samtaka atvinnulífsins og aðildarféлага ASÍ verður tekið mið af þeim hækkunum í launatöflum í samningi þessum. Að auki verði desember og orlofsuppbætur þær sömu og á almennum vinnumarkaði.

Gert í Reykjavík 08/03/23, með fyrirvara um samþykki félagsmanna SÍ sem eru lögskráðir um borð í skip P/f Samskipa . Samþykki skal berast eigi síðar en 17/03/23.

f/h. Sjómannafélags Íslands,


Jónas Garðarsson

f/h. P/f Samskipa



Ólafur Ólafsson

SAMKOMULAG Á MILLI P/F SAMSKIP OG SJÓMANNAFÉLAGS ÍSLANDS
VARÐANDI FJÖLDA SKIPA Í REKSTRI

Sjómannafélag Íslands og p/f Samskip gera með sér samkomulag um fjölda skipa í rekstri frá 1.janúar 2023 til 31.desember 2025 . Muni Samskip manna tvö skip sem starfa samkvæmt samningi á milli Sjómannafélags Íslands og p/f Samskip dagsett 8.mars 2023 . Verði samkomulag þetta ekki efnt er unnt að segja því upp með 30.daga fyrirvara.

Gert í Reykjavík 08/03/23

f.h Sjómannafélags Íslands,



Jónas Garðarsson

f/h. P/f Samskip

